

RANNSÓKNARSTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Sólborg, Pósthólf 224, 602 Akureyri,

Sími 463-0570, Fax 463-0571

**ATHUGUN Á FRAMKVÆMD
SÉRKENNSLU Í FELLASKÓLA
UNNIÐ FYRIR FRÆDSLUMIÐSTÖÐ REYKJAVÍKUR**

RÓSA G. EGGERTSDÓTTIR

TRAUSTI ÞORSTEINSSON



Ágúst 2000

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Bakgrunnur	4
3	Gagnaöflun.....	5
4	Niðurstöður viðtala	5
4.1	Kennsla, þörf fyrir þjónustu, árangur og gæði.....	6
4.2	Ferli og ráðstafanir	7
4.3	Ráðgjöf og greiningar	8
4.4	Samstarf og samvinna.....	9
4.5	Framtíðarsýn	10
5	Umræða og túlkun.....	11
6	Tillögur	16
6.1	Almenn stefnumótun.....	16
6.2	Skipulag og stuðningur	16
6.3	Inntak	17
6.4	Þekking á stöðu og árangri.....	18
6.5	Samstarf við foreldra.....	18
6.6	Samstarf við ytri aðila.....	19
7	Lokaorð	19

1 Inngangur

Í skýrslu þessari er fjallað um málefni sérkennslu í Fellaskóla í Reykjavík vorið 2000. Að ósk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur (FMR) tók Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) að sér skoðun á framkvæmd sérkennslu í Fellaskóla. Markmið verkefnisins var að taka saman yfirlit um stöðu sérkennslu í Fellaskóla og greina styrkleika og veikleika í framkvæmd hennar. Skyldi sjónum einkum beint að uppbyggingu, framkvæmd og árangri sérkennslunnar innan skólans.

Skoðunin var gerð í tengslum við mótun þróunaráætlunar yfir skólaþróunarverkefnið *Starfsþróun – að rækta Fellaskóla* og RHA hefur verkstjórn á. Verkefnið er liður í umfangsmeiri athugun á skólastarfi í Fellaskóla. Að beiðni skólans sjálfs fór fram úttekt Rannsóknastofnunar Kennaraháskóla Íslands á starfinu og var skýrslu skilað haustið 1999. Snemma árs 2000 var leitað til RHA eftir ráðgjöf við mótun skólaþróunarverkefnis á grundvelli ofangreindrar skýrslu. Tók Jón Baldvin Hannesson það verk að sér fyrir hönd RHA, í samstarfi við starfsmenn skólans.

Í framhaldi af vinnu Jóns Baldvins þótti nauðsynlegt að taka sérkennslumál í Fellaskóla til sérstakrar athugunar þar sem tilhögun hennar hefði verið með þeim hætti að nauðsynlegt væri að afla ýtarlegra upplýsinga um þann þátt skólastarfsins sérstaklega. Fyrir hönd Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri hafa Rósa Eggertsdóttir og Trausti Þorsteinsson unnið að verkefninu auk þess sem þau áttu samstarf við Jón Baldvin Hannesson um mótun gagnaöflunarinnar. Skýrslan lýsir einkum stöðu þeirrar kennslu sem kölluð hefur verið sérkennsla og kennslu í sérdeildum. Í lokin eru lagðar fram tillögur um breytingar og framtíðarskipan kennslu nemenda með sértækar námsþafir.

2 Bakgrunnur

Fellaskóli er hverfisskóli í Reykjavík með um 560 nemendur í 1. - 10. bekk um vorið þegar samantektin fór fram. Í upphafi skólaárs að hausti voru nemendur 580 og hafði því fækkað um 20 nemendur í skólanum á tímabilinu. Deildaskipting var eftirfarandi:

1. bekkur 4 deildir, um 60 nemendur
2. bekkur 3 deildir, um 60 nemendur
3. bekkur 3 deildir, um 65 nemendur
4. bekkur 3 deildir, um 60 nemendur
5. bekkur 3 deildir, rúmlega 60 nemendur
6. bekkur 2 deildir, 61 nemandi
7. bekkur 2 deildir, 45 nemendur
8. bekkur 2 deildir, 43 nemendur
9. bekkur 2 deildir, 47 nemendur
10. bekkur 3 deildir, tæplega 60 nemendur.

Örlítill fyrirvari er gerður um nákvæman fjölda nemenda í hverri deild þar sem skeikað getur um einn til tvo nemendur á stöku stað.

Starfandi voru þrjár sérdeildir í skólanum með 34 nemendur. Skipting þeirra á deildir og tímafjöldi til þeirra var sem hér segir:

- Unglingastig 15 nemendur, 63 kennarastundir
- Miðstig 10 nemendur, 43 kennarastundir
- Yngri barna stig 9 nemendur, 44 stundir.

Tímakvóti til almennrar kennslu fyrir skólann var 841 stund ásamt 171 stund í skipti-stundir. Stundir til sérdeilda og sérkennslu voru samtals 203, þarf af til sérkennslu 20 stundir í unglingsdeildum og 33 stundir í 1. - 7. bekk.

Kennarar voru um 50. Sérkennarar voru tveir. Annar kenndi í sérdeild á unglingsstigi en hinn annaðist sérkennslu í 1. - 7. bekk. Almennir kennarar önnuðust stuðningskennslu á unglingsstigi.

Stuðningsfulltrúar voru sjö í hálfum stöðum. Þrír þeirra fylgdu tilteknum nemendum sem þurftu „manninn með sér”. Þrír stuðningsfulltrúar fylgdu hver einum árgangi í 1. - 3. bekk. Einn stuðningsfulltrúanna fór á milli bekkja eftir því hvar þörfin var mest, oftast var hann þó í 2. og 3. bekk þegar hallaði á veturinn.

Á undanförunum árum hefur skilgreind sérkennsluþörf í Fellaskóla farið mjög vaxandi. Dæmi eru um að kennarar meti hana allt að 40%. Skýringa á þessari aukningu hefur verið leitað og hafa menn einkum staðnæmst við þá staðreynd að margt fólk í skólahverfinu býr við mikla félagslega erfiðleika. Skólastjórnendur og kennarar segjast merkja þetta í slæmri umhirðu barna og hafa bent á að nauðsynlegt sé að gefa nem-

endum kost á skólamáltíðum. Aðstæður barna til heimanáms eru mjög mismunandi og margir nemenda eiga við mikla hegðunarörðugleika að stríða. Vandamál af þessu tagi hafa gengið nærri starfsþreki kennara. Að mati skólastjóra hefur ráðgjafþjónusta við skólann verið af skornum skammti.

Að mati starfsfólks duga tímaúthlutanir til sérkennslu ekki til að mæta þörfum nemenda og fleiri sérkennara vantar til að annast kennslu í sérdeildum og sérkennslu við skólann eins og það er skilgreint. Í skólanum hafa um langan tíma verið starfræktar sérdeildir fyrir nemendur með sértækar námsþarfir. Til að byrja með tóku þær við nemendum úr öðrum skólahverfum en smám saman dró úr því og á síðustu árum hafa þær nær eingöngu verið úrræði fyrir Fellaskóla.

Mikil vinna hefur lent á skólastjórnendum sökum þessa en á síðasta hausti fékk skólinn aukinn stjórnunartíma. Ákveðið var að nýta hann til ráðningar á fulltrúa skólastjóra og honum m.a. falið að annast mætingar nemenda og önnur mál er varða umgengni þeirra og hegðun.

3 Gagnaöflun

Viðtöl voru tekin við 16 starfsmenn Fellaskóla og 10 nemendur en þeir voru allir skráðir í sérdeildir. Viðtölin voru öll tekin 16. og 17. maí. Eitt viðtalið leiddi til tveggja símtala seinna þar sem viðbótarupplýsingar voru lagðar fram. Viðtölin voru hálfopin og studdust við viðtalsramma (fskj. 1). Tímalengd viðtala var frá 20 til 90 mínútur. Þau voru skráð jafnóðum á blað eða tölvu. Tekin voru tvö hópviðtöl við nemendur í sérdeild á miðstigi en einstaklingsviðtöl voru tekin við nemendur í sérdeild unglingsstigs. Tölulegar upplýsingar voru fengnar 15. júní hjá skólastjórnendum.

Framkvæmd viðtalanna var með þeim hætti að stuðst var við viðtalsramma sem var undirbúinn fyrirfram. Við gerð rammans var það haft til viðmiðunar að afla einkum upplýsinga um eftirfarandi þætti:

- Kennsla, þörf fyrir þjónustu, árangur og gæði hennar
- Ferli og ráðstafanir
- Ráðgjöf og greiningar
- Samstarf og samvinnu
- Framtíðarsýn eða hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi

4 Niðurstöður viðtala

Í meginatriðum lýstu viðtölin því að í Fellaskóla er mikið um félagslega og tilfinningalega örðugleika nemenda. Í skólahverfinu er félagsleg íbúðabyggð stórt hlutfall og telja kennarar þess sjá glögg merki í aðbúnaði nemenda og umhirðu. Stórt hlutfall sér-

kennslutíma er bundið í sérdeildum sem löngu eru yfirfullar og gefa lítið svigrúm til endurnýjunar. Margir nemenda þeirra fylla sæti deildanna alla skólagöngu sína þrátt fyrir markmið skólans um tímabundna dvöl í sérdeildum. Gerðar hafa verið breytingar á sérkennslumálum skólans án þess að sátt hafi orðið um innan skólans og heldur sá ágreiningur þróun starfshátta innan skóla í ákveðinni spennitreyju. Kennarar telja sig ekki njóta nægilegs stuðnings eða ráðgjafar af hálfu FMR til að glíma við flókinn vanda skólans og því gætir ákveðinnar þreytu og uppgjafar sem miðar að því að lifa af fremur en að takast á við gagnrýna skoðun og breytingar.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir meginniðurstöðum einstakra þátta í viðtölunum.

4.1 Kennsla, þörf fyrir þjónustu, árangur og gæði

- Viðmælendur eru sammála því að mikil þörf sé fyrir aukna sérkennslu. Þörfin skapast fyrst og fremst vegna þess að nemendur geti ekki fylgt eftir námsáætlunum bekkjarins eða að þeir hegði sér á óviðunandi hátt.
- Það er álit sumra viðmælanda að kennsla í bekkjum sé hefðbundin að því leyti að hún er námsbókarstýrð og nemendur í sama bekk þurfi að vera að vinna með sömu bókina, ekki endilega þó á sama stað. Það hefur einnig komið fram að kennurum þykir að sérdeildarnemendur passi illa inn í námsskipulagið þegar þeir koma úr sérdeildum inn í bekk. Helst þyrfti starfsmaður að fylgja þeim inn í bekkinn eða að sérdeildarkennarar undirbúi nemendur fyrir tímana inni í bekk.
- Það kom ekki beinlínis fram í frásögnum kennara að þeir þyrftu að mennta sig betur, læra nýjar/aðrar leiðir við kennslu. Hins vegar sögðu nokkrir kennarar að þeir þyrftu að taka upp ný vinnubrögð og þyrftu á ráðgjöf að halda við það. Gamalt skipulag svaraði ekki lengur þeim þörfum sem væru uppi í skólanum. Einn kennari var spurður um hvort hann teldi að kennarar byggju yfir almennri þekkingu á leshömlun. Hann taldi það alls ekki vera svo. Viðhorf sérkennara er það sama en aðspurður taldi hann að þörf væri á aukinni menntun almennra kennara í lestri.
- Í sérdeildum eru saman nemendur með þroskahömlun, hegðunarvandkvæði og geðfötlun. Á sama tíma og sumir kennarar kalla eftir betri aðgangi að sérdeildum hafa þeir mismunandi álit á hversu gagnleg vistin sé þar fyrir nemendur. Almennt er þó talið að nemendum líði vel í sérdeildum. Við inngöngu í sérdeild virðist draga úr væntingum til árangurs þessara nemenda.
- Ljóst er að þörf fyrir aðstoð við kennara er brýn að þeirra mati sjálfra. Um 6% nemenda er í sérdeildum en um 4% nemenda virðast njóta sérkennslu. Þrír viðmælendur hafa sagt að um 40% nemenda þyrftu sérkennslu eða sérúrræði af einhverju tagi. Kennarar virðast ekki eiga neinn kost á stuðningi varðandi þann fjölda nemenda sem ekki kemst að í sérkennslu.

- Þarfir nemenda eru miklar. Það sýna margvísleg gögn og þekking sem skólinn býr yfir. Af samtölum við nokkra starfsmenn og skoðun á íslenskueinkunnum í 4. og 7. bekk samræmdra prófa er ljóst að staða lestrar er afar slök. Tove Krogh prófið sýnir mjög slakan árangur almennt, niðurstöður hugtakaprófs sem lagt var fyrir 18 nemendur í 2. bekk er “skelfilegt” og svo mætti lengi telja.
- Geðfötlun er á því stigi hjá einstaka nemendum að stór hluti starfs kennara í sérdeild eða aðstoðarmanns fer í að sinna viðkomandi nemendum vegna þessarar fötlunar. Þegar verst stendur á fer ekki fram kennsla í deildinni. Brýn þörf er á því að þessi börn fái viðeigandi aðstoð. Að sögn sálfræðings og kennara er engin úrræði að fá í Reykjavík fyrir þessi börn.
- Viðmið um gæði í sérkennslu og starf í sérkennslu virðast ekki vera fyrir hendi. Enginn gat svarað spurningum þar að lútandi.
- Flestir telja þörf fyrir breyttar áherslur en fram hefur komið að það er nánast bannhelgi á því að ræða skipulagsbreytingar. Ljóst er að sumir verja dyggilega viðvarandi kerfi en þeir eru fleiri sem vilja breyttar áherslur og telja fullreynt með það kerfi sem nú er. Þó telur enginn aðspurðra að það ætti að loka sérdeildum alveg.

4.2 Ferli og ráðstafanir

Ýmis ferli eru fyrir hendi í skólanum um tiltekna málaflokka í skólastarfinu.

- Þarfagreining fyrir sérkennslu í 1. – 7. bekk liggur hjá bekkjarkennurum. Þeir skila að vori umsóknum um sérkennslu. Sérkennari frekar en deildarstjóri sérkennslu (óljóst) fer yfir umsóknirnar og ákveður í samráði við kennara hvaða nemendur fara í sérkennslu. Flestir nemendur sem fara í sérkennslu úr 1. – 7. bekk eru þar yfirleitt áfram allan veturinn og jafnvel árum saman. Langoftast fá nemendur aðstoð í lestri og stafsetningu. Skimunarpróf af ýmsu tagi er lúta að máli og lestri eru lögð fyrir reglulega 1. – 4. bekk. Árangur af sérkennslu liggur ekki fyrir, né virðist hann vera kerfisbundið athugaður ef frá er skilið lestrarátak í 4. bekk.
- Sérkennsla á unglíngastigi fer fram á námskeiðum sem eiga sér stað eftir skólatíma. Nemendum er boðið að sækja tiltekin námskeið, gjarnan í kjarnagreinum. Misjafnt er hve vel nemendur nýta sér tilboðið. Kennarar láta samt vel af þessu fyrirkomulagi.
- Venjulega eru það kennarar sem fyrstir leggja til að nemendur fari í sérdeildir. Það kemur þó fyrir að sérkennari geri það. Umsókn er send til nemendaverndarráðs í samráði við foreldra. Ráðið tekur afstöðu til þess hvort nemandinn fari í þroskamat eða verði liðsinnt á annan hátt. Nemandi kemst ekki í sérdeild nema fyrir liggir þroskamat. Það er unnið af sálfræðingi sem sinnir skólanum frá FMR. Ef nemandi kemst í kjölfar greiningar í sérdeild er samin handa honum einstaklingsnámskrá.

Nemandinn á áfram sinn heimabekk en umsjónarkennarinn nánast hættir að bera ábyrgð á honum og venjulega sinnir sérdeildarkennari foreldrasamstarfi. Sérdeildarnemendur fara sumir í nokkrar greinar með bekknum sínum, gjarnan verkgreinar, samfélagsfræði, líffræði, tölvutíma o.fl. Sem fyrr segir vilja kennarar helst að það fylgi maður með viðkomandi nemanda eða nemendum eða að nemendurnir verði í öllu falli undirbúnir fyrir tímana í sérdeildinni. Einn kennari taldi vera ríka tilhneigingu hjá bekkjarkennurum eða fagkennurum að senda nemendur til baka í sérdeildirnar, teljandi of erfitt að hafa þá í almennu bekkjunum í einstökum tímum. Það er algjör undantekning ef nemandi sem skráður er í sérdeild útskrifist þaðan fyrr hann útskrifast úr skólanum eða flytur af svæðinu.

- Námsráðgjafi tekur á móti nemendum og veitir þeim viðtöl. Nemendur geta sjálfir haft frumkvæði að því að koma til viðtals; foreldrar óskað eftir því eða kennarar.
- Nemendaverndarráð sinnir málefnum sem til þess er vísað. Um er að ræða vanda nemenda en þó falla málefni sérkennslu ekki undir það.
- Nemendum virðist vera alloft vísað úr tíma vegna óviðunandi hegðunar. Við þeim tekur fulltrúi skólastjóra, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri. Ekki er ljóst hvað gerist í kjölfar funda nemenda með þessum aðilum. Ekki er ljóst hvort þessir nemendur geta fengið ráðgjöf og regluleg viðtöl hjá fulltrúa skólastjóra eða námsráðgjafa. Ekki liggja fyrir upplýsingar um langvarandi árangur þessara vinnubragða. Dæmi er um að nemendum er vísað til ófaglærðs aðstoðarmanns og hann beðinn af kennara að sinna námi með þeim. Ef vandi kemur upp á milli aðstoðarmanns og nemanda er aðstoðarmanni ljóst hvert hann vísar málinu. Nemendum er aldrei vísað til sálfræðings skólans, nema greining standi fyrir dyrum.
- Á fskj. 2 eru yfirlit yfir ferli varðandi umsókn um sérkennslu, vistun í sérdeild og fasta þætti í skimun í mállegum þáttum og lestri.

4.3 Ráðgjöf og greiningar

- Reglulegar skimanir í skólanum eru fyrst og fremst á sviði lestrar og hugtakaskilnings í 1. – 4. bekk. Einkum er um að ræða prófun á tæknilegum þáttum lestrar s.s. stafakunnátta og hraðlestur raddlestrar. LH prófin meta einnig skilning í tengslum við hraða í hljóðlestri. Hraðapróf raddlestrar sem gefin voru út af hinu opinbera fyrir 25 árum eru notuð til að prófa nemendur.
- Sálfræðingur greinir þroska nemenda út frá greindarprófum. Greiningavinnan er rúmlega helmingur starfs hans en hann er í hálfu starfi við skólann sem starfsmaður FMR. Auk greininga hefur sálfræðingurinn samskipti við ýmsar stofnanir, skrifar skýrslur, heldur skilafundi eftir greiningu og þess háttar. Hann sinnir engri ráðgjöf ef

frá eru skildir reglulegir fundir, um hrið, með kennurum tveggja sérdeilda. Nokkurra mánaða biðtími er eftir greindarmati.

- Ekki liggur fyrir að sérstakar ráðstafanir séu fyrir hendi þegar greindar hafa verið þarfir nemenda t.d. þroskamat. Það er álit ýmissa starfsmanna að lítið sem ekkert gerist annað en að nemandi kann að vera vistaður í sérdeild.
- Kennarar geta sótt til stjórnenda með stuðning en enga formlega ráðgjöf virðist vera að fá innanhúss né utanhúss fyrir kennara sjálfa. Í skólanum starfa sálfræðingur, sérkennarar, námsráðgjafi og deildarstjóri sérkennslu. Engin gögn sýna að þeir hafi skilgreinda ráðgjöf með höndum til almennra kennara.
- Sérkennari leggur til við kennara sérstaka þyngd á lesefni fyrir nemendur sem hafa ekki nægilega lestrarargetu miðað við aldur. Hann kallar eftir gögnum um yfirferð á lestrarbókum nemenda að vori. Hér virðist vera um leiðbeiningar og eftirlit að ræða en ekki ráðgjöf á forsendum kennaranna og bekkjarstarfsins. Einn kennari sagði frá því að hann nyti óformlegrar ráðgjafar frá sérkennara og væru nýttir kaffi- og matartímar í því skyni.
- Eitt dæmi var nefnt þar sem utanaðkomandi sálfræðingar veittu kennara og foreldrum atferlissráðgjöf. Þegar sálfræðingarnir hættu störfum var enginn sem tók við ráðgjöfinni. Kennarinn telur sig hafa getað nýtt sér í vetur leiðbeiningar frá þessum tíma. Hins vegar féll niður samstarf við foreldrana um leið og sálfræðingarnir hættu.
- Nemendur eiga kost á ráðgjöf hjá námsráðgjafa, þá venjulega vegna samskipta og vanlíðunar. Unglingar, einkum í sérdeildum eiga kost á spjalli við íþróttakennara. Þeir sækja mikið í slíkt spjall.

4.4 Samstarf og samvinna

- Kennarar innan árganga og skólastiga starfa saman. Einn viðmælenda orðaði það svo að samstarfið snérist aðallega um samræmingu en lítið væri rætt um kennslufræði. Munur virðist vera á samstarfi kennara í árgöngum. Í sumum aldurshópum má ætla að það sé gróskuríkt og snúist um kennslufræðilegar framfarir. Einn viðmælandi orðaði það svo að innan skólans ríkti smákóngakerfi, einkum hjá kennurum í 1. - 7. bekk.
- Nokkuð var rætt um samstarf og samskipti við sérkennara en hún er sá sérfræðingur sem sinnir námsvanda nemenda í almennum bekkjum í 1. - 7. bekk. Mjög mismunandi viðhorf komu fram hjá kennurum. Einn kennari sagði frá góðu samstarfi og var sáttur við störf sérkennara og skipan sérkennslumála nema hvað sérkennslukvótinn væri alltof lítill. Fleiri kennarar voru þó á því að skipan sérkennslumála væri ekki nægilega góð. Misjafnt var hvernig menn orðuðu samskipti við sérkennara en svo

virðist vera sem ýmsir kennarar upplifi þau sem stíð og hún gæfi lítil tækifæri til samstarfs. Nefnt var að sérkennarinn væri einráður um sérkennsluna og dæmi var um að hún sinni ekki beiðni um að skoða tiltekna nemendur. Viðkomandi kennarar fundu sjálfir úrlausnir í kjölfarið. Sérkennari hefur ekki skilgreint ráðgjafarhlutverk en segist ekki neita kennurum um aðstoð leiti þeir eftir henni.

- Á stjórnunarstigi lýsa tveir stjórnendur miklum örðugleikum í samskiptum við sérkennara í 1. - 7. bekk. Um er að ræða aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra sérkennslu. Þeir segja að þeir eigi í erfiðleikum með að stjórna málaflokkum tengdum sérkennslu. Sem dæmi nefna þeir skort á að sérkennarinn vinni með þeim að mótun og framkvæmd. Upplýsingaöflun þeirra um stöðuna á hverjum tíma sé þar af leiðandi ekki með eðlilegum hætti. Að einhverju leyti virðast örðugleikarnir lúta að yfirráðasviðum, sérfræði og faglegru stöðu.
- Á unglíngastigi var lýst ánægju með samstarf kennara. Þar halda sérdeildarkennarar og almennir kennarar vikulega fundi þar sem farið er yfir stöðu mála í bekkjunum og hvað er til ráða. Sögð er margra ára hefð fyrir slíku samstarfi. Kennararnir reyna að upplifa viðfangsefnin sem sameiginlegt mál þeirra allra. Á því skólastigi telja kennarar að öll umræða sé opnari en á yngri stigum. Umræða meðal kennara í unglíngadeildum er talin hreinskilin og opin fyrir breytingu á fyrirkomulagi þó menn séu ekki á eitt sáttir um hverjar breytingarnar skuli vera.
- Kennarar virðast ekki eiga sérstakt og formgert samstarf við aðstoðarfólk sem vinnur með þeim inni í kennslustofum utan að það fær fyrirmæli inni í tímum frá kennurum um hvað skuli vinna.

4.5 Framtíðarsýn

- Sérdeildir, sérkennsla og stuðningur annars starfsfólks við starf kennara virðist ekki draga verulega úr sérkennsluþörf innan skólans. Töldu viðmælendur að þörf væri aukins fjár til sérkennslu í skólanum. Fram kom að byggja þyrfti upp nýtt kerfi í skólanum þar sem meira mið yrði tekið af námi og kennslu allra. Flestir töldu að auka mætti blöndun í skólastarfinu með einum eða öðrum hætti. Auka þyrfti ráðgjöf við kennara í þessu viðfangi bæði innanhúss og utan. Fram kom þó það viðhorf að kennsla í sérdeildum yrði aldrei alveg lögð af.
- Innan skólans ríkir yfirleitt vilji til breytinga en ljóst af viðræðum við kennara að þeir þurfa utanaðkomandi ráðgjöf til að takast á við breytingar og ekki síður til að ná samstöðu um hverjar breytingarnar skulu vera. Í þessu sambandi er mikilvægt að líta til þess að endurmennta kennara í samræmi við stefnu skólans.
- Um form sérkennslu eru skiptar skoðanir. Það skiptist í tvö horn varðandi úrlausnir. Annar hópurinn vill fleiri sérkennslutíma, fleiri pláss í sérdeildum, opnari sérdeildir

og annað í þeim dúr. Hinn hópurinn sem er um helmingur viðmælenda, ræðir um aukna blöndun í bekkjum, aukinn stuðning við kennara, aukinn stuðning við nemendur inn í bekk. Tveggja kennara kerfi bar nokkuð oft á góma og var það almennt talið geta verið mjög gagnlegt og einkum og sér í lagi ef því fylgdi ráðgjöf frá t.d. sérkennurum og sálfræðingi.

- Til að ná markmiði um aukna blöndun kom fram það viðhorf meðal kennara að auka þyrfti samstöðu meðal þeirra en þar skorti á um ýmsa hluti. Sérkennari yngri deilda hafði þó miklar efasemdir uppi um möguleika á aukinni blöndun þar sem umhverfi skólans væri svo „ónormalt“. Allar nútíma kenningar um kennslu nemenda með sérþarfir gætu af þeim sökum ekki átt við um skólann að hennar mati.
- Hlutverk deildarstjóra sérkennslu er faglegt leiðtogahlutverk við skipulag sérkennslumála skólans. Deildarstjórinn kvaðst finna sig faglega í mjög veikri stöðu í starfi og endurskoða þyrfti hlutverk og stöðu starfsins innan skólans. Skynsamlegt gæti verið að í stað þess að ráða einn mann til starfans væri skipað teymi sem auk stjórnunar á sérkennslumálum skólans hefði ákveðnu faglegu ráðgjafahlutverki að gegna við kennara. Sérkennarinn taldi mikilvægt að það yrði breytt um áherslur í kennslu í yngstu bekkjunum. Prófanir sýndu að hugtakaskilningur nemenda væri mjög slakur og þyrfti því að leggja verulega áherslu á að sinna þeim þætti mjög markvisst. Aukinn hugtakaförði tengist mögulegum árangri í lestri. Hún telur ástæðu til að sinna ráðgjöf við kennara og segist sjálf tilbúin til þess verði slíkur kostur tekinn. Einnig nefndi hún hlut foreldra og velti upp ýmsum leiðum til að styrkja foreldra barnanna. Í því sambandi þyrfti vafalaust að koma til samstarfs við önnur kerfi borgarinnar.

5 Umræða og túlkun

Fellaskóli hefur innan við 600 nemendur á hverjum vetri. Starfsmenn eru sammála um að vandi sé til staðar. Hann felst einkum í því að tæpur helmingur nemenda stendur ekki undir þeim væntingum sem skólinn hefur til þeirra. Þetta varðar stöðu og árangur nemenda á námslegu, félagslegu og tilfinningalegu sviði.

Eftir því sem næst verður komist er skipan skólustarfsins afar hefðbundin og leiðir til lítilla lausna á þeim vanda sem skólinn hefur skilgreint. Það hefur verið rík tilhneiging meðal starfsmanna að líta til ytri þátta. Má þar nefna slaka stöðu margra heimila í hverfinu, slaka frammistöðu yfirvalda fræðslumála varðandi stuðning við skólann, lítil sem engin úrræði á vegum heilbrigðiskerfisins fyrir nemendur sem eiga við ótæka hegðun að etja eða þá sem eru geðfatlaðir, úrræði á vegum félagsmálayfirvalda eru af skornum skammti o.s.frv. Hér er ekki lagður dómur á hvornig þessum málum er raunverulega háttáð enda náði þessi skoðun ekki til þeirra þátta. Hér er þó ekki dregin dul á að stoðkerfi við nemendur og starfsmenn virðist vera verulega ábótavant. Einnig liggur fyrir sú staðreynd að ýmsar fjölskyldur í skólahverfinu eiga í erfiðleikum varðandi lífsleikni.

Það sem er athyglisvert er að starfsmenn skólans, stjórnendur eða kennarar, hafa ekki lítið í nægjanlegum mæli inn á við. Hjá þeim kemur fram mikil gagnrýni á skort á úrræðum sem aðrir, innan skólans eða utan hans ættu að veita en lítið virðist vera um að lítið sé gagnrýnum augum á eigið framlag og skipulag skólans í heild í tengslum við þær miklu þarfir sem nemendur skólans hafa.

Starfsmenn eru yfirleitt sammála um að skólinn hafi þá stefnu í reynd að vera nemendavinsamlegur. Þetta hugtak er nokkuð oft notað en þegar sumir viðmælendur voru beðnir um að lýsa meginstefnu skólans gátu þeir það ekki að undanskildum aðstoðarskólástjóranum. Nokkuð vafðist fyrir fólki að útskýra hvað í því fólst að vera nemendavinsamlegur skóli. Af viðtölum má draga þá ályktun að ríkjandi kennsluhættir í almennum bekkjum taki ekki mið af mismunandi þörfum nemenda. Kennsla er hefðbundin sem felur það í sér að bekkjarnámskrá er fylgt, nemendur fara í gegnum sama námsefni nánast á sama hraða. Kennarar gátu nánast engra dæma um námsaðlögun né lýstu vinnubrögðum sem bera þess merki að ólíkum þörfum barna sé mætt í almennu bekkjarstarfi.

Skólinn býður upp á sérkennslu utan bekkjar og sérdeildir sem starfa mikið til sem sjálfstæðar einingar. Sú skoðun er almenn meðal nánast allra starfsmanna að þeir nemendur sem ekki geta mætt kröfum bekkjarnámskrár eigi heima annars staðar en í bekknum um lengri eða skemmri tíma. Í þessu felst sú skoðun að einhverjum öðrum en viðkomandi bekkjarkennara beri að mæta þörfum þessara nemenda. Það háttar þannig til að nemendur í sérdeild "eiga heima" í tilteknum bekkjardeildum. Sumir kennarar hafa tjáð að þeim finnist erfitt að fá þessa nemendur inn í bekk ef ekki fylgir þeim sérstakur kennari eða aðstoðarmaður. Það hefur einnig verið nefnt sem góður kostur að þessir nemendur séu undirbúnir í sérdeild fyrir komuna í bekkinn. Með öðrum orðum er verið að segja að enn sem fyrr eigi þessir nemendur ekki erindi í bekkinn nema þeir "passi" inn í bekkjarnámskrána. Þar sem það er orðið löngu ljóst með þessa nemendur að þeir geta það ekki, má spyrja hvaða tilgangi þessi háttur eigi að þjóna. Til hvers er verið að tengja þá inn í bekk ef það á ekki að sinna þeim á þeirra eigin forsendum? Þessu til stuðnings hefur komið fram hjá kennara í sérdeild að hann skynji tilhneigingu kennara til að losna við þessa nemendur úr tilteknum fögum. Þeir koma að máli við hann og lýsi því hve tiltekinn nemandi eigi erfitt með að vera í ýmsum fögum og hvort það eigi ekki bara að draga úr heimsóknnum hans í bekkinn.

Á sama tíma og kennarar kalla eftir fleiri úrræðum af sama toga, úrræðum sem aðrir eiga að sjá um, eru þeir ekki sérstaklega ánægðir með þau, þ.e. sérkennslu og sérdeildir. Hér er augljóslega um mikla togstreitu að ræða. Engum viðmælanda var ljóst hver árangurinn væri af sérkennslu og kennslu í sérdeildum. Þó var almennt álitnið að nemendur í sérdeildum fengju nám við hæfi enda væru útbúnar fyrir þá einstaklingsáætlanir.

Sérkennslan í 1. - 7. bekk snýst fyrst og fremst um lestur og þar næst stafsetningu.

Venjan er sú að nemendur sem koma í sérkennslu eru þar jafnvel árum saman, jafnvel þótt árangurinn sé lítill. Almennt læsi í skólanum er slakt og reyndar liggja fyrir upplýsingar sem benda til þess að hugtakaskilningi yngri barna sé verulega ábótavant. Það

eitt og sér getur skýrt slakt læsi. Sérkennari hefur ráðlagt kennurum um hentugt náms-efni í lestri, einkum er varðar þyngd lestrarbóka. Ekki liggur fyrir að kennsluaðferðir hafi verið skoðaðar né nýjar innleiddar þrátt fyrir þennan slaka árangur.

Í sérdeildum eru fáir nemendur en þar eru settir saman nemendur sem hafa þroska-hömlun, sýna ótæka hegðun eða eru geðfatlaðir. Nauðsynlegt er að skólinn og skóla-yfirvöld spyrji sig gagnrýninna spurninga um þessa skipan. Er líklegt að tíu manna hópur nemenda sem hefur ofanefnda blöndun búi við æskilegt félagslegt, tilfinninga-legt og námslegt uppeldi? Þessi skipan ber þess merki að verið er að losa kennara og bekki við tiltekna nemendur. Svo er reynt að gera það besta sem unnt er fyrir þá innan sérdeilda. Ætla má að skólinn hafi svarað þessu sjálfur neitandi fyrst flestir nemendur, a.m.k. í 1. - 7. bekk sitja nokkar kennslustundir á viku með bekk. Hér að ofan hefur þegar komið fram að skuldbinding ýmissa bekkjarkennara gagnvart þeim er lítil og víkjandi. Reyndin er einnig sú að þótt þessir nemendur tilheyri að forminu til einhverri bekkjardeild, þá tekur sérdeildin að sér umsjón með börnunum og annast t.d. samstarf við foreldra.

Af máli viðmælanda er nokkuð ljóst að þörfum þeirra 6% nemenda í sérdeild og 4% í sérkennslu sé misjafnlega mætt. Til viðbótar eru 30% nemenda sem kennarar telja að þyrftu að fá sérúrræði þar sem þeir falla ekki að bekkjarnámskránni. Það kom fram hjá flestum að þessi úrræði ættu að vera hjá öðrum en þeim sjálfum. Þetta sjónarmið felur í sér að almennir kennarar telja það ekki vera sitt verkefni að mæta þörfum allra nemenda og reyndar einungis um 60% nemenda.

Það er tiltölulega auðvelt að geta sér þessi til hvers vegna þessi viðhorf bekkjarkennara hafa mótast á þennan hátt. Skólaskipanin hvetur til þessara vinnubragða og viðhorfa. Það gerist annars vegar með því að skipulagið býður upp á umrædd úrræði sérkennslu og sérdeilda og hins vegar vegna skipulags annarra þátta innra stoðkerfis. Hér er átt við ráðgjöf, greiningar og úrvinnslu mála sem lúta t.d. að hegðun nemenda. Eftir því sem næst verður komist þá eiga kennarar kost á ráðgjöf frá skólastjórnendum, að öðru leyti er ekki í nein hús að vanda. Sjái kennarar ástæðu til senda þeir nemendur til skólastjórn-enda vegna ótækrar hegðunar. Svo var komið að skólastjóri óskaði eftir við FMR að fá aukinn stjórnunarkvóta til að geta sinnt stríðum straumi nemenda sem kennarar sendu til stjórnenda í umbótaskyni. Fjórir aðilar sinna nú, með öðru, slíkum erindum, þ.e. báðir skólastjórnendur, fulltrúi skólastjóra og námsráðgjafi.

Fyrir liggur að kennarar njóta almennt ekki neinnar ráðgjafar varðandi kennslu, bekkjar-stjórnun, hegðunarmótun né annars. Eitt dæmi var reyndar nefnt um ráðgjöf ytri aðila. Kennarar fá þau skilaboð beint og óbeint að ef þeir ráða ekki við tiltekin verkefni þá geti þeir vísað nemendum annað, hvort sem er vegna hegðunar eða náms. Fyrir vikið bæta kennarar ekki við færni sína í daglegu viðfangi nema það sem þeir einir og sjálfir kunna að þroska með sér. Þeir leitast við að gera það besta en vegna skipulagsins bera þeir með sér vonina um að það komi að því að stoðkerfið verði reidubúið fyrr eða síðar til að taka við tilteknum nemendum.

Sérdeildir eru fullar. Þar eru ýmist 15, 10 eða 9 nemendur. Sá sem er skráður í sérdeild er þar venjulega áfram uns skólagöngu lýkur eða hann flytur úr hverfinu. Enginn kemst í nema fram fari þroskamat sem sálfræðingur metur. Hann er í hálfu starfi er bundinn í greiningum og málum tengdum þeim. Sálfræðingurinn er önnum hlaðinn og er biðlisti eftir greiningum. Hann sinnir ekki nemendum beint og ekki kennurum ef undan eru skilin samskipti við kennara í sérdeildum. Því má velta fyrir sér hvort þetta sé besta nýtingin á sálfræðingnum og hvort það þurfi svo mikið kerfi við að skrá og senda nemendur í sérdeild.

Sérkennari sem sinnir 1. - 7. bekk er önnum kafinn. Hann tekur nemendur út úr bekk og sinnir þeim í sérstofu í lestri. Venjulega lætur bekkjarkennari af lestrarkennslu á meðan. Þar sem bekkjarkennarar og sérkennari hafa ekki bundið samstarf um nemendur sem báðir sinna má velta því fyrir sér hvernig samféllan í námi sé hjá viðkomandi nemendum.

Skólinn stendur vel að ýmis konar skimun í skólanum. Þar sem úrræði eða viðeigandi aðstoðar er tæplega að vænta í kjölfarið má velta því fyrir sér hvers vegna svo mikill tími sé settur í þessar kannanir.

Lítill togstreita er meðal starfsmanna um starfsemi sérdeildar á unglíngastigi og tilhögun sérkennslunnar. Þó virðist ljóst að sérkennslan er tilboð til nemenda þar sem hún er utan stundatöflu. Fyrir vikið eru ýmsir nemendur sem að mati kennara þyrftu að nýta sér hana en gera ekki. Þessi háttur ber keim af þeirri stefnu sem er mjög augljós í yngri bekkjum og það er hin hefðbundna bekkjarkennsla, að kenna námsefnið en ekki haga kennsluskipan eftir því hvernig nemendur eru á mismunandi hátt tilbúnir að tileinka sér náms-efnið. Sérdeild á unglíngastigi er mun einangraðri en deildirnar á yngra stiginu. Þar eru nemendur sem aldrei fara í bekki. Þeir láta vel af vist sinni þar en sumir hverjir forðast samskipti við stóra hópa annarra nemenda. Það kemur þó fram að átök eiga sér engan veginn stað milli þeirra sem eru í sérdeildum og þeirra sem eru í almennum bekkjum.

Viðhorfin á unglíngastigi eru af sama meiði og á yngri stigum en kennarahópurinn virðist hafa náð mun betur saman enda hittist hann vikulega og ræðir um framkvæmd. Slíkt er fallið til að styrkja bæði kennara og kennsluna.

Kennarahópurinn er að ýmsu leyti ósamstæður í 1. - 7. bekk. Ýmsir eiga erfitt með nauðsynleg samskipti. Sérfræðingar innan skólans eru ekki nýttir sem skyldi og í sumum tilfellum er veruleg valdabarátta á ferðinni sem stendur samskiptum og starfi skólans fyrir þrifum.

Skóli, hvar sem hann er, þarf að þjóna þeim nemendum sem hann sækja. Skiptir þá engu staða foreldra, efnahagur, atvinna, félagsleg staða né annað. Þar sem svo háttar til að nemendur eiga við skort á ýmsum sviðum að etja heiman að frá sér, getur skólinn ekki annað en unnið út frá þeirri stöðu og þeim staðreyndum sem fyrir hendi eru. Því er það

svo að Fellaskóli þarf að aðlaga starf sitt að þeim nemendum sem hann sækja. Þeirra bakgrunnur er og verður misjafn. Hjá sumum nemendum ágætur, öðrum góður og slakur og jafnvel lélegur hjá enn öðrum. Skólinn finnur sig einangraðan og ekki mæta skilningi né fá stuðning frá þeim kerfum borgar og ríkis sem ætti að vera fyrir hendi. Kennarar hafa á sama hátt fundið fyrir einangrun. Áhrifa gætir ekki utanfrá nema hvað kann að vera óskilgreint álit annarra t.d. innan fagstéttarinnar og þeirra sem sinna skólamálum. Starfsmönnum, einkum kennurum, hefur þótt á brattann að sækja í starfi sínu og svo er komið að ýmsir þeirra hafa eða hyggjast leita að nýjum vinnustað. Ástæður eru vafalaust sumar duldar, aðrar hafa verið nefndar hér að ofan. Hér verða nefndir þættir eins og ofþreyta, stuðningsleysi, togstreita innanhúss og öngstræti hvað varðar stuðning í daglegu starfi.

Það er ljóst að Fellaskóli stendur frammi fyrir miklu umbótastarfi. Vandinn er ærinn og ljóst að úrræðin sem skólinn hefur stuðst við duga ekki. Hér að ofan hafa verið reifuð helstu einkenni starfsins og viðhorf sem starfsmenn tjáðu. Í hnotskurn virðist eftirfarandi liggja fyrir:

- Almennir kennurum er ekki ætlað í reynd að finna lausnir á málum sem koma upp varðandi hegðun og nám.
- Almennir kennarar telja að aðrir en þeir eigi að sinna nemendum sem ná ekki að fylgja bekkjarnámskrá, varðandi hegðun og nám.
- Almennir kennarar fá ekki ráðgjöf og leiðsögn við að sinna margbreytilegum þörfum nemenda inni í bekk.
- Sérkennsla og sérdeildir taka við nemendum sem kennarar senda frá sér.
- Nemendur í sérdeildum tilheyra almennum bekkjum og sitja þar nokkra tíma á viku, allt upp í helming kennslustunda. Sumir almennir kennarar telja erfitt að fá þessa nemendur og vilja helst ekki fá þá, né sinna um þá.
- Nánast ekkert er vitað um árangur af sérdeildum. Sama gildir um árangur af sérkennslu. Ýmsir, þar á meðal einn sérkennari, telja að árangur af sérkennslu sé slakur.
- Staða nemenda í Fellaskóla í lestri er slök ef ekki léleg.
- Nýting á sérfræðingum s.s. sérkennurum og sálfræðingi innan skólans er einhæf.
- Togstreita er milli ýmissa starfsmanna, jafnvel á þann veg að það standi skóla-starfinu fyrir þrifum.
- Stuðningur við starfsmenn persónulega og faglega er afar lítill og oft enginn.

6 Tillögur

Í þessum kafla verður gerð nokkur grein fyrir leiðum sem ætla má að geti stutt við umbætur í Fellaskóla á þessu sviði. Gengið verður út frá því að hvorki sé æskilegt né raunhæft fyrir einn skóla að búa til sérúrræði fyrir 230 af 570 nemendum heldur þurfi að skoða aðra möguleika. Þessar tillögur eru mótaðar á eftirfarandi grunni:

ákvæði almenns hluta Aðalnámskrár grunnskóla árið 1999,

stöðu sérkennslu í Fellaskóla út frá skoðun í maí árið 2000,

þekkingar- og rannsóknarfræðum tengda sérkennslu og almennri kennslufræði,

fræðum um skólaþróun, starfsmannaþróun og áhrifaríka skóla.

6.1 Almenn stefnumótun

Skólinn þarf að endurskilgreina hvernig hann ætlar að haga þjónustu við nemendur. Aðalnámskrá kveður á um stuðning við nemendur á sviði vitsmunaproska, félagsþroska, og tilfinningaproska. Þessi stefnumörkun þarf að vera unnin af starfsmönnum, verða eign þeirra og framkvæmd af þeim. Það þarf að endurskoða gömul viðhorf og móta ný. Skólustarf verður ekki farsælt nema kennarar hafi starfskenningu sem feli í sér að þeir séu kennarar allra nemenda, ekki bara flestra. Miðað við að 30 - 40% nemenda hafi sértækar þarfir er óraunhæft að ætla annað en að þeirra þörfum verði sinnt inni í bekk. Þessu fylgir að umræða og samstarf kennara um kennslu, lausnaleit og ný vinnubrögð þarf að verða daglegur þáttur í starfi þeirra.

6.2 Skipulag og stuðningur

Lagt er til að skólinn miði að því að draga úr starfsemi sérdeilda og loka þeim á næstu fimm árum. Sama gildir um sérkennslu að mestu eða öllu leyti. Innanlands sem og erlendis liggur fyrir mikil reynsla á þessu sviði. Sjálfsagt er fyrir Fellaskóla að nýta sér þá reynslu. Til að þetta sé framkvæmanlegt þarf að hyggja að mörgum þáttum og verða þeir helstu nefndir hér:

- Koma þarf á tveggja kennara kerfi þar sem kennarar deila jafnt með sér ábyrgð, undirbúningi, kennslu, foreldrasamstarfi og öðru því sem starfinu tilheyrir.
- Veita þarf kennurum öflugan stuðning. Það gerist í formi mismunandi samvinnuforma innan skólans og við aðila utan skólans. Bent er á viðvarandi og formlegan félagastuðning sem helst í hendur við starf ráðgjafa. Inntak stuðningsins getur verið breytilegt eftir því hvaða þarfir kennarar hafa.

- Skólinn þarf að koma á skipulagi sem gefur starfsmönnum skólans færi á að deila með sér sérfræði hvers annars. Þetta má gera með svigrúmi fyrir formlega yfirfærslu þekkingar og leikni en einnig með vettvangi fyrir sameiginlega lausnaleit. Slík vinnubrögð þurfa að verða sjálfsögð og álitin æskileg ef ekki nauðsynleg af starfsmönnum.
- Mikilvægt er að kennarar læri í tengslum við raunverulegt og daglegt starf sitt í skólanum. Endurmenntun, ráðgjöf og stuðning ætti að færa nánast alfarið inn í skólann og haga því þannig að hún sé ætíð á forsendum nemendanna og kennaranna sem þeim þjóna.
- Lagt er til að ytri ráðgjafar og sérfræðingar sem koma að skólanum hagi vinnu sinni í samræmi við aðstæður í skólanum. Lagt er til að þeir vinni ekki "klínískt" heldur vinni í náinni samvinnu við starfsmenn til að efla þá við að takast á við fleiri og flóknari mál til úrlausnar. Með því móti leiða sérfræðingarnir saman eigin sérfræði, forsendur skólans, þarfir nemenda og kennara. Þetta þýðir að þeir beina vinnu sinni að heildstæðum og langvarandi lausnum.
- Meginstarf sérfræðinga sem starfa innan skólans þarf að beinast að umsjón, stefnumótun, samhæfingu, verkstjórn, starfsmögnun og ráðgjöf. Þessu fylgir að þeir draga alveg eða að mestu úr klíniskri vinnu.

6.3 Inntak

Breytt viðhorf kalla á breyttar áherslur í kennslu. Það þarf að aðstoða kennara við að byggja upp færni sína til að kenna bekkjum þar sem nemendur hafa mjög fjölbreyttar þarfir. Helstu þættir sem þykja vænlegir til árangurs er almenn þekking og leikni varðandi:

- námsaðlögun (adaptation),
- samvinnunám (co-operative learning),
- virkni í námi (active learning),
- rannsóknarmiðað nám (inductive learning),
- ólíka námshætti t.d. námshringur Kolb eða Howard Gardner
- námsvitund (metacognition).

Fleiri vinnubrögð koma til greina. Á kerfisbundinn hátt þarf að aðstoða kennara við að tileinka sér æskileg vinnubrögð. Með samspili þessara þátta sem hér hafa verið nefndir má skipuleggja kennslu nemenda sem felur í sér bekkjarnámskrá sem gefur svigrúm

fyrir nemendur að læra um sömu þætti en á sínum forsendum. Óhjákvæmilega verður að endurskoða hlutverk námsefnis að því leyti að kennslan mun verða markmiðastýrð en ekki námsbókastýrð. Námsbækur og annað efni verður látið þjóna markmiðum en ekki öfugt.

Auk ofangreinds er lagt til að eitt af forgangsmálum Fellskóla næstu þrjú árin verði stórátak í lestri hjá nemendum í öllum aldursflokkum. Í þessu felst skoðun og innleiðsla áhrifaríkra kennsluáferða, nemendum verði kenndar aðferðir við að skilja, að draga ályktanir af texta, að draga út aðalatriði o.s.frv. Þessu fylgir einnig að allir kennarar, hvar sem þeir kenna, þurfa að þekkja og skilja einkenni leshömlunar og kunna leiðir í kennslu sem veita nemendum fullan aðgang að námi þótt þeir séu með leshömlun.

6.4 Þekking á stöðu og árangri

Skólinn þarf að gera stórátak varðandi sjálfsmat og viðbrögð við niðurstöðum matsins. Á nokkrum sviðum liggja fyrir góð vinnubrögð varðandi skimun o.fl. Stjórnendur og aðrir starfsmenn þurfa, eftir því sem eðlilegt er talið, að hafa góða yfirsýn á hverjum tíma yfir árangur aðgerða. Þetta felur í sér að nán eftirfylgd og skoðun á árangri þarf að vera með skipulögðum hætti í öllum bekkjum, varðandi alla nemendur. Skólinn þarf að vita hvaða vinnubrögð gefast vel og hver ekki. Þetta á við um kennslu, viðmót og ýmsar ráðstafanir í námi og kennslu. Þessara upplýsinga er aflað ýmist með skimunum, viðtölum, samanburði á árangri og viðmiðunum o.s.frv. Skólinn þarf einnig að vera sér vel meðvitaður um hvort viðmið hans eru viðunandi. Þetta á t.d. við um stöðu í grunnþáttum eins og lestri og ritun en einnig þætti sem varðar nám og námsárangur, vellíðan, hegðun, sjálfstæði og sjálfsmynd, félagsleg samskipti o.fl.

Það þarf að verða almennt sjónarmið að vinnubrögð sem gefa ekki árangur innan tiltekings tíma og frekar fyrr en seinna, verði látin víkja og önnur áhrifaríkari tekin upp.

6.5 Samstarf við foreldra

Foreldrasamstarf þarf að styrkja og mæta fjölbreyttum þörfum foreldra ekki síður en barna þeirra. Hér má nefna reglulegt samráð á jafningjagrunni, fræðslu um námsgreinar s.s. lestur og stærðfræði, einnig fræðslu um einelti, fíkniefni, samskipti, uppeldi, heimanám almennt séð o.fl. sem foreldrum og starfsmönnum skóla kann að þykja heppilegt. Æskilegt væri að komið yrði á vettvangi á vegum skólans þar sem foreldrar og börn geta saman komið að verkefnum. Má hér nefna handmennt af ýmsu tagi, beint eða óbeint innlegg foreldra í kennslu, ferðalög o.fl.

Vafalaust verður það þannig að erfitt verður að ná öllum foreldrum til þess samstarfs sem skólinn telur æskilegt. Því verður ekki breytt með góðu móti en eftir því sem betur

tekst að styrkja samband foreldra og skólans þeim mun betri árangurs nemenda er að vænta.

6.6 Samstarf við ytri aðila

Gott samstarf við aðra aðila er skólanum mjög mikilvægt. Einkum er hér átt við samstarf við aðrar stofnanir Reykjavíkurborgar og ríkisins sem hafa með velferð barna að gera. Skólinn hefur ekki lögsögu um þetta samstarf en hann getur sett fram óskir sínar og gert sitt til að vel megi takast til.

Fyrst og fremst er það Fræðslumiðstöðvar að vera málsvári skólans og sjá til þess að þörfum hans sé mætt til hins ítrasta. Þetta á við um ráðgjöf, útvegum þekkingar og margvíslegar bjargir varðandi skólastarfið frá degi til dags. FMR þarf að beita sér fyrir því að stuðla að skilvirku samstarfi og samhæfingu við heilsugæslu og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Það sama á við um BUGL, Greiningarstöð og fleiri stofnanir sem skólinn þarf að eiga samskipti við. Það er óviðunandi að skólinn þurfi að eyða miklum tíma í að koma á samskiptum, búa til ferli, leita áheyrnar, koma á fundum við starfsmenn annarra kerfa til að koma málefnum einstakra nemenda í höfn. FMR þarf að hafa forgöngu um að auðvelda þessi samskipti.

7 Lokaorð

Að lokinni þeirri skoðun sem gerð var á sérkennslumálum í Fellaskóla verður ekki annað séð en að þau orð sem Jón Baldvin Hannesson hefur um Fellaskóla í skýrslu sinni um þróunarverkefnið *Starfsþróun – Að rækta Fellaskóla* eigi við full rök að styðjast. Í skýrslu sinni kemst Jón Baldvin svo að orði (bls. 23):

Trú hópsins á eigin getu er afar takmörkuð og sýn hans á færar leiðir undirorpin óöryggi og óskipulagðri leit að nothæfum fyrirmyndum. Ekki er einhugur um hvernig brugðist skuli við félagslegum vanda einstakra nemenda, hvort kennsluhlutverk kennara skuli víkja fyrir uppeldishlutverkinu, eða hver séu mörkin á milli hlutverkanna. Ágreiningur er um fyrirkomulag á kennslu nemenda með sérþarfir og nýtingu sérkennslukvóta og fleira mætti tína til sem sýnir veika stöðu.

Um langan tíma hefur verið litið á sérkennslu sem sérstakt viðfangsefni innan grunnskólanna og hún aðgreind frá því sem nefnt hefur verið almenn kennsla. Skólar hafa sett sín viðmið um nám og kennslu og vandinn er talinn nemandans falli hann ekki að viðmiðunum hvers skóla. Nemendur hafa verið greindir og flokkaðir á grundvelli óljósra viðmiðana og markmiða og hvers konar sérúrræði urðu aðferðir skólanna við að skilgreina vettvang fyrir þá nemendur sem féllu ekki að normum þeirra. Lög og

reglugerðir kváðu á um að ekki væri á færi almennra kennara að annast kennslu nemenda í sérúrræðum skólanna og þar af leiðandi þrengdist verksvið hins almenna kennara og ábyrgðarhlutverk.

Í nýjum lögum um grunnskóla 1995 og öðrum lagabreytingum sem gerðar voru í kjölfar þeirra, eru aðrar áherslur lagðar og þær ítrekaðar í aðalnámskrá grunnskóla 1999. Því er nauðsynlegt að sérhver skóli sé reiðubúinn að takast á við breytingar því samfara. Sérkennsla er ekki lengur tilgreind sem sérstakt viðfangsefni í skóla en þess í stað áhersla lögð á að fjölbreytni ríki í vinnubrögðum og kennsluaðferðum þar sem komið er til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná þeim markmiðum sem sett eru. Hvatt er til einstaklingsmiðunar í námi nemenda og að skólasamfélagið sé virkjað til ábyrgrar þátttöku í skólastarfinu en skólasamfélagið í hverjum skóla mynda þrjú hópar, þ.e. nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar. Á þann hátt er áhersla lögð á aukna þátttöku foreldra og nemenda sjálfra í skólastarfinu og ábyrgð foreldra gagnvart skólagöngu barna sinna og menntun. Skólinn hefur forystuhlutverki að gegna í þessu starfi. Samkvæmt aðalnámskrá ber skólanum að leggja mesta áherslu á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og heimili og skóla sem vettvang menntunar. Með einstaklingsmiðun í námi nemenda breytast áherslur þar sem vandinn verður fyrst og fremst skólans með hvaða hætti hann kemur til móts við þarfir nemandans fremur en nemandans að mæta kröfum skólans.

Óhjákvæmilega kallar þetta á endurskoðun starfs kennara, viðmiðanir og hlutverk. Fellaskóli þarf að móta sér nýja sýn jafnræðis gagnvart öllum nemendum á grundvelli aðalnámskrár grunnskóla 1999. Þess er vænst að þær tillögur sem hér eru fram settar geti orðið vörður fyrir Fellaskóla við þróun starfshátta til umbóta skólastarfs. Í því starfi er mikilvægt að skólinn njóti stuðnings og ráðgjafar af hálfu FMR. Sá stuðningur má ekki eingöngu beinast að nemendum, heldur fyrst og fremst að kennurum svo þeir geti aukið starfshæfni sína í að fást við kennslu allra nemenda.

Fylgiskjal 1

Rammi að spurningum í viðtalskönnunum í Fellaskóla þriðjudag og miðvikudag 16.-17. maí 2000

1. Hvernig blasir fyrirkomulag og staða sérkennslu í Fellaskóla við þér?

stuðningur, sérkennsla, sérdeild, blöndun, þátttaka

2. Hver myndir þú segja að væri opinber stefna Fellaskóla um nám og kennslu og þar með sérkennslu?

3. Hvenær finnst þér myndast þörf fyrir sérkennslu?

4. Hvernig er staðið að áætlunargerð og framkvæmd í sérkennslu í Fellaskóla?

Skipulag innan skólans – vinnuferli, samstarf kennara – tengsl, ábyrgð og hlutverk kennara

5. Hvað ræður því hvort nemendur fara í sérkennslu eða sérdeild?

6. Hvernig er unnið með nemendum sem fara í sérkennslu? teknir út úr bekk, annað nám, andlegur stuðningur, umhyggja, umsjón

7. Hvernig er árangur metinn af sérkennslu í skólanum? Liggja fyrir gögn? Útskrifast nemendur úr sérkennslu í almenna kennslu? Hver er árangurinn að þínu mati?

8. Eiga kennarar kost á stuðningi innanhúss eða utan þegar þeim finnst þörf vera á honum? Innri aðilar: samkennarar, sérkennarar, skólastjórar, aðrir, hverjir? Ytri aðilar: kennsluráðgjafar, sálfræðingar, aðrir, hverjir?

10. Hverjir eru helstu kostir eða ókostir þess kerfis sem við er haft í skólanum í sérkennslumálum? Hverju þarf að breyta?

11. Hvað þyrfti að koma til, til þess að þú gætir sinnt fleiri / fjölbreyttari þörfum innan kennslustofunnar?

12. Ef einn góðan veðurdag allt væri fært og þú réðir öllu, hvernig finnst þér haga ætti kennslu og sérkennslu í skólanum?

Fylgiskjal 2

Sérkennsla í 1. – 7. bekk:

- Kennarar fylla út eyðublað á hverju vori um nemendur sem þeir telja að þurfi sérkennslu. Þeir sem þurfa sérkennslu eiga erfitt með að fylgja námsáætlun bekkjarins eða sýna óásættanlega hegðun.
- ☞ Fagstjóri og/eða sérkennari fara yfir umsóknir.
- ☞ Sérkennari ákveður í samráði við kennara hvaða nem. fara í sérkennslu.
- ☞ Um fjórir tímar til ráðstöfunar fyrir hvern árgang í 1. – 7. Bekk. 3 – 5 nemendur eru saman í hópi og fá sérkennslu 2-3var í viku
- ☞ Nemendur fara ævinlega út úr almennum tíma til að sækja sérkennslu.
- ☞ Sérkennari ráðleggur kennurum um þyngd lestrarbóka í bekk.
- ☞ Nemendur eru yfirleitt heilan vetur í sérkennslu og árum saman
- ☞ Langoftast fá nemendur aðstoð í lestri og stafsetningu. Þó kemur fyrir að þeir fái hjálp í stærðfræði.

Sérdeild:

- Kennarar sækja um fyrir nemendur í sérdeild, í samráði við foreldra – eða sækja um að þeir fari í þroskamát.
- ☞ Nemendaverndarráð tekur fyrir umsókn.
- ☞ Það ræðir málefni nemandans og tekur ákvarðanir um hvort hann fer í þroskamát með inngöngu í sérdeild í huga eða aðrar leiðir eru fundnar.
- ☞ Ákvarðanir eru endanlega teknar um þroskamát.
- ☞ Skilafundur með foreldrum, kennurum o.fl.
- ☞ Biðtími eftir greiningu er a.m.k. þrjú mánuðir.
- ☞ Ekki er unnt að setjast í sérdeild nema að undangengnu þroskamati.
- ☞ Nemendur sem fara í sérdeild eru skráðir í bekk og hafa umsjónarkennara.
- ☞ Sérdeildarkennari tekur yfir foreldrasamstarfið.
- ☞ Í sérdeild er gerð einstaklingsnámskrá. Oft er brugðið út af hefðbundnum kröfum í námi.
- ☞ Sumir nemendur sækja aldrei tíma í almenna bekki en aðrir sækja einhverjar greinar, t.d. verklegar greinar, samfélagsfræði og líffræði.
- ☞ Mjög sjaldgæft er að nemendur útskrifist úr sérdeild aftur inn í bekk.
- ☞ Tilhneiging til að vísa nemendum aftur inn í sérdeild. Kennarar vilja helst að það fylgi þeim maður þegar þeir sækja almenna tíma.

Skimun. Allt nema TK-prófið er á vegum sérkennara:

- 1. bekkur: Tove Krogh árlega, allir nemendur
- 1. bekkur: BOEHM hugtakapróf fyrir þá sem koma illa út á Tove Krogh
- 2. bekkur: Allir nemendur taki heimgert stafapróf
- 2. bekkur: Allir sem það geta fara í hraðapróf(raddlestrarpróf)
- 2. bekkur: Allir far í Carlsten haustpróf. Forspá fyrir stafsetningu
- 3. bekkur: Allir fara í Carlsten vorpróf að hausti
- 4. bekkur: Allir fara í hraðapróf fyrir og eftir lestrarátak
- 4. bekkur: Allir fara í LH 60
- 5. bekkur: Slakir nem. úr LH60 eru prófuð í LH40
- 8. bekkur: Einstaka sinnum er Carlsten prófið notað